

Stuðboltarnir

5. fundur

Nemendafulltrúaráð 2.-10. bekkja

Fundur 17. maí 2018

Mættir voru nemendafulltrúar úr 2.-10. bekk og Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir.

1. Guðrún Inga fór yfir hvernig Stuðboltafundir vetrarins gengu og sagði jafnframt frá því að þetta væri 6. starfsár Stuðbolta. Í ár sem endra nær voru fulltrúar áhugasamir og komu með margar athugasemdir varðandi bættan skólabrag og betri líðan nemenda.
2. Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir skólastjóri fór yfir það hvaða hugmyndir Stuðbolta hafa orðið að veruleika og eins hverjar hafa ekki orðið að veruleika. Sumar hugmyndir kosta mikið og þá er ekki alltaf til peningur fyrir þeim. Guðbjörg talaði um það hvað það væri sorglegt að sjá hvernig nemendur ganga um eigur skólans. Skólastjórnendur tóku ákvörðun um að kaupa sófa, stóla og borð á ganga á Ásabraut til að nemendur geti setið og spjallað og unnið verkefni. Nú er svo komið að nemendur eru búnir að skemma hluta af þessum húsgögnum og hún benti á að það kostar mikla fjármuni að endurnýja eða laga það sem skemmt er. Hún bað Stuðbolta að hjálpa til við að benda nemendum á þessa staðreynd þannig að ekki verði fleiri skemmdir unnar á sófum. Stuðboltar hafa oft nefnt að þeir vilji fleiri leiktæki á skólalóðirnar. Nú hefur skólinn fjárfest í klifurgrind með trampólíni sem styttist í að verði sett niður á grasblett við hliðina á sparkvellingnum á Ásabraut. Einnig hafa þeir bent á að það vanti fleiri hjólagrindur og verður væntanlega orðið við þeirri beiðni en Guðbjörg benti á að það væri mikilvægt að nota grindurnar. Eins og staðan er í dag eru margir sem henda hjólum sínum á jörðina þó það séu lausar hjólagrindur. Í sumar verður farið í að laga netin á sparkvellingnum líkt og Stuðboltar hafa bent á og einnig verður byrjað að endurnýja stóla í kennslustofum og þá haft í huga að þeir séu þægilegir.

Stuðboltar komu að endurmati á friðargöngu og árshátíð. Einnig komu þeir með margar góðar hugmyndir að því hvernig bæta megi námsárangur nemenda og verða þær hugmyndir hafðar til hliðsjónar í námsmatsvinnu kennara.

Guðbjörg er ánægð með að Stuðboltar hafa komið með margar góðar ábendingar varðandi umhverfisvernd skólans eins og að minnka plastnotkun og draga úr matarsóun með því að breyta skömmtun í mötuneyti. Eins var það hugmynd Stuðbolta að allir nemendur myndu taka höndum saman og týna rusl í kringum skólahúsnæðin og í Grindavíkurbæ. Skólastjórnendur hafa í framhaldi ákveðið að allir bekkir fari í ruslatýnslu á þemadögum.

Góðar ábendingar hafa líka komið frá Stuðboltum varðandi þrif, aðgengi að skólastofum á morgnana, bókasafnið í Hópsskóla og mötuneytið. Skólastjórnendur hafa farið yfir þessar ábendingar með starfsfólki og vonaði Guðbjörg að nemendur finndu mun á. Að lokum þakkaði hún Stuðboltum fyrir góða vinnu í vetur.

3. Stuðboltum var boðið uppá hressingu fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki gert og fundi slitið,

Guðrún Inga Bragadóttir